

Nýr kjarasamningur Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga

Kynning fyrir félagsmenn - maí 2020



 **EFLING**
STÉTTARFÉLAG

Um samninginn

- Gildir frá 1. janúar 2020 og til 31. mars 2023.
- Hefur verið undirritaður af samninganefnd með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu.
- Atkvæðagreiðsla hefst 12:00 á hádegi mánudaginn 18. maí og lýkur 12:00 á hádegi föstudaginn 22. maí.
- Tekur gildi ef meirihluti félagsmanna er samþykkur.
- Eingöngu rafræn kosning – farið inn á www.efling.is og svo nota rafræn skilríki eða Íslykil
- Ef þú ert ekki á kjörskrá: Skrifa tölvupóst á kjorskra@efling.is með nýjasta launaseðli eða ráðningarsamningi

Helstu atriði samnings: Yfirlit

1. Launaliður

- Taxtahækkarnir
- Sérstök leiðrétting
- Tímasetningar, afturvirkni og eingreiðsla

2. Stytting vinnuvikunnar

- Dagvinna
- Vaktavinna

3. Annað

- Félagsmannasjóður
- Orlofsréttur

1. Launaliður



Taxtahækkun

- Sérhver launaflokkur hækkar í grunnþrepi um samtals 90 þúsund á samningstíma að fyrirmynd kjarasamninga á almennum vinnumarkaði („Lífskjarasamnings“).
 - Hækkanirnar eru í meiri persónuálgsþrepum t.d. samtals 100.800 kr. hjá starfsmanni í 6. þrepi (12%).
- Kemur í 4 áföngum á samningstíma:
 - 1. janúar 2020: 17.000 kr. (afturvirkir 5 mán.)
 - 1. apríl 2020: 24.000 kr. (afturvirkir 2 mán.)
 - 1. janúar 2021: 24.000 kr.
 - 1. janúar 2022: 25.000 kr.

Sérstök leiðrétting

- Sérstök hækkun sem kemur ofan á lægstu mánaðarlaun frá 1. apríl 2020.
- 15.000 kr. á launaflokka 117-124.
 - Trappast niður um 1.500-3.000 kr. eftir því sem launaflokkar hækka.
 - Endar í 2.000 kr. á launaflokk 130, ekkert í flokkum þar fyrir ofan.
- Sérgreiðsla utan grunnlauna sem hækkar ekki í þrepum og kemur ekki inn í grunn til útreiknings vakta- og yfirvinnuálaga.
- Tekur ekki hækkunum á samningstíma.
- Leiðréttingin miðast alltaf við þann launaflokk sem starfsmaður er í á hverjum tíma.

Sérstök leiðrétting - tafla

Starfsmats- stig frá	Starfsmats- stig til	Launaflokkur	Sérstök greiðsla á mánuði
266	344	117 - 124	15.000 kr.
345	354	125	13.500 kr.
355	363	126	12.000 kr.
364	372	127	9.000 kr.
373	381	128	7.500 kr.
382	390	129	4.500 kr.
391	399	130	2.000 kr.

Tímasetningar og afturvirkni

- Fyrsta taxtahækkunin (17.000 kr. í grunnþrepi) er **afturvirk** frá 1. janúar 2020 (5 mán. m.v. útborgun 1. júní).
- Önnur taxtahækkunin (24.000 kr. í grunnþrepi) er **afturvirk** frá 1. apríl 2020 (2 mán. m.v. útborgun 1. júní).
- Sérstök leiðrétting gildir frá 1. apríl 2020 og verður einnig greidd **afturvirkt** (2 mán. m.v. útborgun 1. júní)
- Afturvirkar greiðslur eiga að koma við næstu mögulegu launaútborgun – hvert og eitt sveitarfélag ber ábyrgð á framkvæmd.
- **Eingreiðslur** vegna samningslauss tímabils 1.4 - 31.12 2019
 - 125.000 kr. **þegar greiddar** 1. október 2019
 - 70.000 kr. **verða greiddar** 1. júní 2020

Reiknivél

- Hægt að sjá launahækkunar á samningstíma fyrir öll starfsheiti og þrep í reiknivél á heimasíðu Eflingar
- Tengill hér: <https://efling.is/laun-i-nyjum-kjarasamningi-vid-sis/>
- Veljið starfsheiti og þrep

Reiknivél frh.

Laun í nýjum kjarasamningi við SÍS


Skólaliði Persónuálag 4%

Laun 1. janúar 2020	Laun 1. apríl 2020	Laun 1. janúar 2021	Laun 1. janúar 2022
351.196	391.156	416.116	442.116

Hækkun umfram lífskjarasamning er 15.000 krónur í leiðréttingu. Hér fyrir neðan geturðu séð hvernig launahækkun hvers árs er samsett. Bláu reitirnir eru hinar árlegu hækkanir lífskjarasamningsins 2020-2022. Gulu reitirnir sýna sérgreiðslu (leiðréttinguna) og grænu launahækkun vegna breytinga á launatöflu. Hér fyrir ofan geturðu séð launastöðuna við hverja hækkun samningsins.


Reiknivél frh.

Skólaliði (launaflokkur 124)



Persónuuppbót (orlofs- og desember-uppbætur)

	2019	2020	2021	2022
<i>1. maí</i>		50.450	51.700	53.000
<i>1. desember</i>	115.850	118.750	121.700	124.750



2. Stytting vinnuvikunnar



Stytting - dagvinna

- Sjá Fylgiskjal 2 í samningi.
- Tryggt að vinnutími styttist um 13 mínútur á dag (65 mínútur á viku) 1. janúar 2021 án nokkurrar skerðingar á launum eða öðrum réttindum.
- Með sérstöku samkomulagi á vinnustöðum má stytta vinnuviku enn frekar, eða um allt að 4 klukkutíma á viku niður í 36 virkar vinnustundir.
- Stytting niður í 36 vinnustundir krefst þess að gefa upp forræði yfir kaffitímum. Engu að síður er tryggt að fólk fái neysluhlé.
- Vinnutímahópar skipaðir fulltrúum starfsfólks og stjórnenda útfæra samkomulag. Þann 1. október 2020 á niðurstaða samtals starfsfólks og yfirmanna að liggja fyrir. Greidd atkvæði áður en komi til framkvæmdar 1. janúar 2021.

Stytting - vaktavinna

- Vinnuvikan í vaktavinnu styttist niður í 36 virkar vinnustundir og getur í ákveðnum tilvikum styst niður í allt að 32 vinnustundir.
- Sjá sérstaka kynningu: <https://efling.is/wp-content/uploads/2020/03/2020.03.18-Betri-vinnut%C3%ADmi-vaktavinnuf%C3%B3iks-LOK.pdf>

3. Annað



Annað

- Félagsmannasjóður: nýr sjóður sem sveitarfélögin greiða í
 - 1.5% af heildarlaunum - úthlutun 1. febrúar hvert ár
 - Stofnframlag 61.000 kr. (m.v. starfshlutfall og starfstíma 1.4.19-31.1.20) greitt árið 2020
 - Tímasetning útgreiðslu til félagsmanna enn óklár.
- Orlofsréttur: 30 daga orlofsréttur kominn á fyrir alla starfsmenn



Saman sigrum við!

